

## Hagsmunaskráning bæjarfulltrúa

Skráning þessi er til upplýsingar og er ætlað að auka gagnsæi í störfum bæjarfulltrúa. Skráning upplýsinga og viðhald skráningar er á ábyrgð hvers og eins bæjarfulltrúa.

### 1. Launuð störf

Ekki skal skrá upphæðir launagreiðslna en skrá skal upplýsingar um launað vinnuframlag, starfsemi og stjórnarsetu sem hér segir:

- 1.1 Skrá skal öll launuð störf, verkefni eða starfsemi ef heildargreiðsla á almanaksári er kr. 250.000,- eða hærri. Skrá starfsheiti, nafn vinnuveitanda eða verkkaupa eða tilefni greiðslu eftir því sem við á.

### 2. Fjárhagslegur stuðningur

Í 6. grein siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Kópavogsbæ kemur fram:

*„Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Kópavogsbæjar, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu“*

- 2.1 Kjörnir fulltrúar mega þó þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi vegna starfa sinna, þar sem framangreindir hagsmunir eru ekki fyrir hendi en skulu þá birta upplýsingar um það í hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa, fari verðmæti gjafar yfir kr. 10.000,-
- 2.2 Eftirgjöf eftirstöðvar skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum samnings við lánadrottinn síðastliðin fjögur ár. Skrá skal lánadrottinn og eðli samnings.

### 3. Eignir

Skrá skal eignir sem hér segir:

- 3.1 Fasteign innan sveitarfélagsins, undanþegnar eru fasteignir sem ætlaðar eru til eigin nota viðkomandi fulltrúa og fjölskyldu hans, sem er a.m.k. að þriðjungi í eigu kjörins fulltrúa, eða félags sem hann á að þriðjungi eða meira.
- 3.2 Heiti félags, fjármála- eða sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sem kjörinn fulltrúi á a.m.k. fjórðungs hlut í.

### 4. Ólaunuð trúnaðarstörf

Skrá skal upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög, önnur en stjórnmalaflokka, óháð því hvort þessi störf eru launuð.

### 5. Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda

- 5.1 Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan setið er í bæjarstjórn. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.
- 5.2 Samkomulag við framtíðar vinnuveitanda um ráðningu, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að fulltrúi hverfur úr bæjarstjórn. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.